

45 þeirra, er þjer höfðuð borgað þeim á síðustu manntalsþingum, fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní 1882, og höfðu þjer farið þess á leit, að yður verði ávísað úr lands-sjóði þeirri upphæð, sem öllum hreppstjórum í sýslu yðar hefði átt að greiðast í laun á síðustu manntalsþingum, og enn fremur spurt um :

1. hverja upphæð eigi að greiða hreppstjórunum á þessa árs manntalsþingum fyrir hið þá umliðna fardagaár, og
2. hvort senda eigi landfógeta kvittanirnar og hann taka þær sem gilda borgun upp í landssjóðstekjur, eða hvort beri að senda þær beina leið til landshöfðingja til ávísunar.

Út af þessu vil jeg tjá yður það, sem þjer fer á eptir, yður til leiðbeiningar.

Samkvæmt lögum um laun hreppstjóra 13. jan. f. á., ráðherrabrjefi 22. febrúar og landshöfðingjabrjefum 26. júní, 28. nóvbr. og 20. desbr. s. á., sem öll eru prentuð í stjórnartíðindunum, ber að greiða hreppstjóra, eða hreppstjórum í hverjum hreppi á manntalsþingum ár hvert þóknun þá, sem ákveðin er í lögnum, fyrir hvert síðast umliðið fardagaár, í fyrsta sinn á manntalsþingum 1882 fyrir tímabilið frá 1. jan. til 6. júní það ár; fje þetta eiga sýslumenn að greiða af tekjum landssjóðsins, og síðan að færa það til útgjalda í manntalsbókarreikningum sínum, sem afborgun upp í ábúðar- og lausafjárskatt og láta kvittanir hreppstjóranna og önnur þau skilríki, sem nauðsynleg eru til að hafa eptirlit með, að hreppstjóralaunin sjeu rjett greidd, fylgja með manntalsbókarreikningnum, er þær á eptir verður endurskoðaður og úrskurðaður á venjulegan hátt í heild sinni, þær í sá útgjaldaliður, er innibindur útborgun hreppstjóralaunanna. Samkvæmt þessu hefðuð þjer á manntalsþingum 1882 átt að greiða hreppstjórunum í sýslu yðar laun þau, sem þeim báru fyrir tímabilið frá 1. janúar til 6. júní (ekki 30. júní) það ár, færa það sem útborgað var til útgjalda í manntalsbókarreikningi yðar fyrir sama ár, og láta kvittanir hreppstjóranna og önnur nauðsynleg skilríki fyrir útborguninni fylgja nefndum reikningi, en hvorki að senda kvittanirnar til landfógeta, sem borgun upp í landssjóðstekjur nje til landshöfðingja til ávísunar. En eins og nú er komið, virðist mjer rjettast, að þjer færið til útgjalda í manntalsbókarreikningi yðar fyrir árið 1883, sem afborgun upp í ábúðar- og lausafjárskattinn það ár, bæði þau hreppstjóralaun, sem þjer hefðuð átt að greiða af hendi á manntalsþingum 1882 fyrir tímabilið frá 1. janúar til 6. júní s. á. og þau hreppstjóralaun, sem þjer eigið að greiða á manntalsþingum 1883 fyrir fardagaárið 1882—83, og láta reikningnum fylgja hin nauðsynlegu skilríki fyrir útborguninni, þær á meðal kvittanir hreppstjóranna fyrir launum þeirra, fyrir allt tímabilið frá 1. janúar 1882 til 6. júní 1883 er þá verða 1 kr. 43 a. fyrir hvern búandi mann innanhrepps, er býr á jörð eða jarðarparti, sem metinn er eigi minna en 5 hundruð að dýrleika.

Skjöl þau, er fylgdu með brjefi yðar, endursendast.

46 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjárðarsýslu um heimild sýslu-
nefnda og hreppsnefnda til að hækka aukaútsvör. — Í þóknanlegu brjefi 3. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður, eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Holtshreppi borið upp þá fyrirspurn, hvort eigi beri að skilja svo fyrirmælin í 19. grein sveitastjórnarlaganna, að hreppsnefndum og sýslunefndum sje jafn-heimilt að hækka sem lækka aukaútsvör einstakra gjaldþegna, þegar þaraðlútandi kærur eru bornar upp á lögmætan hátt.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess að þjer birtið það, að fyrirspurn yðar ber að svara með jákvæði.